

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hjalta Þórs Ísleifssonar stærðfræðings, nr. 600/2024.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. orðist svo:

Stofnframlag og tekjur sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 8.000.000 sem er lagt fram af stofnanda, en hluti stofnfjár er söfnunarfé í minningu Hjalta Þórs, sem myndar upphaflegan höfuðstól. Af stofnfé sjóðsins er óskerðanlegt stofnfé kr. 1.595.000 að raungildi.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og framlögum frá þeim sem vilja veita markmiðum hans brautargengi skv. 3. gr.

Höfuðstóll skal halda raungildi sínu, og vaxi með fé og öðrum verðmætum sem safnast í nafni sjóðsins í þeim tilgangi að úthluta í samræmi við markmið sjóðsins og almennar reglur. Tekjur sjóðsins til ráðstöfunar til styrkja eru vextir og arður af eignum sem mynda höfuðstól sjóðsins, auk framlaga.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hjalta Þórs Ísleifssonar stærðfræðings staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. ágúst 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.